

Borgarráð

Yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Hjálagt yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Verkefni sveitarfélaga

Sveitarfélög sinna ýmsum verkefnum sem þeim eru falin að lögum, þ.e. lögmælt verkefni, en geta einnig, innan vissra marka, tekið að sér önnur verkefni sem ekki er kveðið á um í lögum, þ.e. ólögmælt eða valkvæð verkefni. Lögmæltum verkefnum má síðan skipta í annars vegar lögskyld eða verkefni og hins vegar lögheimil verkefni. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Dæmi um slíkt verkefni er skylda sveitarfélaga til að sinna félagsþjónustu innan sinna marka, sbr. 4. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Lögmælt verkefni geta einnig verið lögheimil en í því felst að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Rekstur náttúrustofa er dæmi um lögheimilt verkefni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, hefur ráðuneytið tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga, flokkuð eftir málaflokkum og því hvort um lögskyld eða lögheimil verkefni er að ræða. Það skal tekið fram að yfirlitið hefur ekki gildi sem sjálfstæð réttarheimild og ráðast því skyldur sveitarfélaga ekki af því heldur af viðkomandi lögum. Er yfirlitinu frekar ætlað að auðvelda umræðu um skyldur og hlutverk sveitarfélaga.

Lögskyld verkefni

Félagsmál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Aðstoð við erlenda ríkisborgara	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991	Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi.
Barnaverndarmál	Barnaverndarlög nr. 80/2002, sbr. einnig VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög nr. 19/2013 um lögfestingu Barnasáttmála SÞ.	Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir sem sinna barnavernd á breiðum grundvelli. Sveitarstjórn er heimilt að fela félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar.
Félagsþjónusta sveitarfélaga	Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.	Sveitarfélag ber ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða laganna. Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, sem fer

		með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Sveitarfélög skulu hafa til að skipa hæfu starfsfólki í starfsliði sínu s.s. félagsráðgjöfum og þroskajálfum.
Félagsleg ráðgjöf	V. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. lög nr. 37/2018.	Félagsmálanefndir skulu bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.
Fjárhagsaðstoð	VI. kafli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.	Sveitarfélag skal tryggja að íbúar þess geti séð fyrir sér og sínum. Fjárhagsaðstoð skal vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.
Lögræðissviptingarmál og nauðungarvistanir	Lögræðislög nr. 71/1997.	Sóknaraðili lögræðissviptingarmáls getur verið félagsþjónusta sveitarfélaga eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar. Sömuleiðis getur félagsþjónusta sveitarfélaga eða fulltrúi sveitarstjórnar lagt fram beiðni um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi og kröfu fyrir dómstóli. Í ákveðnum tilfellum er félagsþjónusta sveitarfélaga skylt að setja fram slíkar kröfur.
Málefni aldraðra	Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. eining X. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög skulu standa að uppbyggingu öldrunarþjónustu og rekstri þjónustumiðstöðva sem og aðgengi að félagslegri heimaþjónustu, heimsendingu matar og aðgengi að félagsstarfi aldraðra.
Málefni fatlaðs fólks	Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 leyst af hólmi með lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og XI. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar. Enn fremur skulu sveitarfélögin hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við þjónustu- og rekstraraðila um framkvæmd þjónustunnar. Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu skv. lögum nr. 38/2018.
Stuðningsþjónusta	VII: kafli laga um félagsþjónustu	Sveitarfélagi er skylt að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á

	sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. lög nr. 37/2018.	eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónustu skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað.
Túlkapjónusta og málstefna	Lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.	Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli.
Upplýsingagjöf vegna barna	Barnalög nr. 76/2003.	Foreldri sem ekki fer með forsjá barns á rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um barnið frá leikskólum, skólum, barnaverndarnefndum o.fl.
Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda	XIII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Félagsmálanefndir skulu stuðla að forvörnum í áfengis- og vímuegjafamálum í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla. Félagsmálanefndir skulu aðstoða þá sem eiga við fíknivanda að stríða við að leita sér viðeigandi meðferðar og aðstoðar. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum þeirra sem eiga við fíknivanda að stríða ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á. Félagsmálanefndir skulu stuðla að því að einstaklingar með fíknivanda, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

Húsnæðismál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Eignaskiptayfirlýsingar	Lög um fjöleignarhús nr. 26/1994.	Sveitarfélög skulu staðfesta eignaskiptayfirlýsingar en gera skal eignaskiptayfirlýsingu um öll fjöleignarhús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur fullnægjandi og glöggur skiptasamningur. Sé um nýbyggingu að ræða skulu sveitarstjórnir gera það að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir.
Fasteignamat, skráning og öflun grunnupplýsinga	Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.	Viðkomandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir því að Þjóðskrár Íslands berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig, og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra.

Húsnæðismál	Lög um húsnæðismál nr. 44/1998, sbr. lög nr. 65/2018, sbr. einnig lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn ber ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn fylgjast með þörf á húsnæði í sveitarfélaginu. Jafnframt fer sveitarstjórn með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.
Oliustyrkur	Lög um jöfnun og lækkun hitakostnaðar nr. 53/1980.	Þeir sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á oliustyrk. Oliustyrkir skulu greiddir til sveitarfélaga, sem annast úthlutun þeirra til húsráðenda.
Sérstakur húsnæðisstuðningur	XII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög skulu greiða sérstakan húsnæðisstuðning til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur fyrir þá sem eru ófærir að sjá fyrir sér.

Fræðslu- og menningarmál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almenningsbókasöfn	Bókasafnalög nr. 150/2012.	Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við bókasafnslög.
Bygging framhaldsskóla	Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án endurgjalds. Þá geta sveitarfélög staðið að stofnun framhaldsskóla í samstarfi við ríkið.
Grunnskólar	Lög um grunnskóla nr. 91/2008.	Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, skólaþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna

		stefnu um grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni. Sveitarfélag skal gera þjónustusamning við rekstraraðila sjálfstætt rekinna grunnskóla. Slíkir grunnskólar eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar.
Leikskólar	Lög um leikskóla nr. 90/2008.	Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Þau skulu hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess. Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar.
Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.	Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.	Sveitarstjórn ræður og skipar kennara og skólastjóra. Sveitarstjórn, eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða leikskólakennara og skólastjórnendur við leikskóla.

Öryggis- og löggæslumál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almannavarnir (að hluta)	Lög um almannavarnir nr. 82/2008.	Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, svo sem kveðið er á um í lögum um almannavarnir.
Brunavarnir og brunamál, þ. á m. slökkvilið	Lög um brunavarnir nr. 75/2000.	Sveitarstjórn hver í sínu umdæmi ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarfélag ber kostnað af þessari starfsemi.
Samstarfsnefnd um málefni lögreglu	Lögreglulög nr. 90/1996.	Í hverju lögregluumdæmi skal starfa samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og

		samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu.
Sjóvarnir	Lög um sjóvarnir nr. 28/1997.	Sveitarfélögin eru eigendur þeirra mannvirkja sem lögin taka til og greiða þau kostnað við viðhald vegna varnarframkvæmda.
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum	Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997.	Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn um ráðningu eftirlitsmanns. Skal sveitarstjórn leggja honum til nauðsynlega vinnuáðstöðu og almennan búnað, svo og sjá um rekstur á tækjum og búnaði, endurgjaldslaust. Sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hættu er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum. Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir við varnarvirki í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja

Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Dýravernd	Lög um velferð dýra nr. 55/2013.	Á sveitarfélögum hvíla ákveðnar skyldur á sviði dýraverndar, s.s. tilteknar hjálpar- og vörsluskyldur.
Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar	Lög um mannvirki nr. 160/2010.	Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi sem sveitarstjórn ræður. Hann hefur eftirlit með mannvirkjagerð. Þá er almennt óheimilt að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnsýsla og eftirlit byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga.
Fjallskil	Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.	Sveitarstjórn telst vera stjórn fjallskilaumdæmis, hún fer með yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í viðkomandi umdæmi.
Fjarlæging girðinga af eyðijörðum	Girðingarlög nr. 135/2001.	Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár og er þá

		sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.
Framkvæmd umhverfismats	Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.	Sveitarstjórn tekur almennt ákvörðun um hvort framkvæmd, sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Undanskildar eru þó framkvæmdir sem háðar eru leyfi Mannvirkjastofnunar.
Gatnagerð	Lög um gatnagerðargjald nr. 153/2006.	Með lögunum er lögbundinn gjaldstofn fyrir sveitarfélög til töku sérstaks skatts, gatnagerðargjalds, af fasteignum og réttur þeirra til að ákveða innan marka laganna hvernig sá gjaldstofn er nýttur. Gatnagerðargjaldinu skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.
Heilbrigðiseftirlit	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.	Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits eða heilbrigðisnefndar og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg.
Landgræðsla	Lög um landgræðslu nr. 17/1965.	Í hverju sveitarfélagi skal starfa gróðurverndarnefnd sem kosin er af sveitarstjórn. Hún skal fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi umdæmi, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæminu um notkun og meðferð beitolanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.
Meindýraeyðing, dýraeftirlit	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 sbr. einnig lög um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 60/1994.	Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sjá m.a. um að halda meindýrum í lágmarki. Sveitarfélögin gegna einnig vissu hlutverki, ásamt Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, við dýraeftirlit.
Mengunarvarnir	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lög um varnir gegn mengun	Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits. Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði.

	hafs og stranda nr. 33/2004.	Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga um varnir gegn mengun hafs og stranda en getur falið heilbrigðisnefndum sveitarfélögana tiltekna þætti eftirlitsins.
Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra	Lög um örnefni nr. 22/2015.	Ef nýtt náttúrufyrirbæri þarfnast nafns ber viðkomandi sveitarstjórn að hafa frumkvæði að nafngift að fenginni umsögn örnefnanefndar. Utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga liggur frumkvæði að nafngift hjá ráðherra.
Skipulagsmál	Skipulagslög nr. 123/2010.	Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfis skyldum framkvæmdum. Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulagsnefnd.
Söfnun og meðferð úrgangs og skólps	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.	Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að skólp sé hreinsað eftir því sem við á samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp. Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum um meðferð úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu húsi	Lög um menningarminjar nr. 80/2012.	Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað eða friðlýst hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal hann gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart.
Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma	Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993.	Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínur, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum.

Verndarsvæði í byggð	Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.	Markmið laganna er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Í lögunum eru sveitarfélög skylduð til að meta á fjögurra ára fresti hvort innan marka þeirra sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislu, svipmót og menningarsögu varðar að ástæða sé til að gera hana að verndarsvæði. Ákvörðun um að gera tiltekna byggð að verndarsvæði er hjá ráðherra að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar.
Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.	Á vegum hvers sveitarfélags starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.

Kosningar

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Alþingis- og forsetakosningar	Lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sbr. einnig 3. mgr. 6.gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945.	Sveitarstjórn kýs yfirkjörstjórn og aðrar kjörstjórnir sveitarfélags. Sveitarstjórn gerir kjörskrá á grundvelli kjörskrárstofns frá Þjóðskrá Íslands og tekur til meðferðar athugasemdir við kjörskrána. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um skiptingu sveitarfélagsins í kjördeildir og um kjörstaði. Kostnaður við alþingis- og forsetakosningar greiðist úr ríkissjóði.
Framlög til stjórnmalasamtaka	Lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006.	Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar.
Íbúakosningar	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess. Ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska slíkrar atkvæðagreiðslu skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan

		árs frá því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en þriðjung þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi. Sveitarstjórnin á ákvörðunarvald um framkvæmd viðkomandi viðburðar og þá spurningu sem borin verður upp.
Sveitarstjórnarkosningar	Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.	Sveitarstjórn kýs yfirkjörstjórn og aðrar kjörstjórnir sveitarfélags. Sveitarstjórn gerir kjörskrá á grundvelli kjörskrárstofns frá Þjóðskrá Íslands og tekur til meðferðar athugasemdir við kjörskrána. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um skiptingu sveitarfélagsins í kjördeildir og um kjörstaði. Allur kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga greiðist úr sveitarsjóði, þar á meðal er kostnaður vegna kjörnefndar sem skipa þarf ef sveitarstjórnarkosningar eru af einhverjum ástæðum kærðar til sýslumanns.

Samgöngur

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Lagning og viðhald vega og stíga	Vegalög nr. 80/2007.	Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega, það eru vegir innan þéttbýlis og ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar. Þá bera sveitarfélög ýmsan kostnað tengdan þjóðvegum í þéttbýli á mótum ríkinu.
Umferðarmál	Umferðarlög nr. 50/1987.	Sveitarstjórnnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað. Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu.

Vatns- og fráveitur

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Fráveitur	Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, sjá einnig lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í	Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu.

	fráveitumálum nr. 53/1995.	
Vatnsveitur	Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, sjá einnig vatnalög nr. 15/1923.	Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er. Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu.

Íþróttta- og æskulýðsmál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Frístundaheimili	Lög um grunnskóla nr. 91/2008.	Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.
Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa o.fl.	Íþróttalög nr. 64/1998.	Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.
Málefni barna og ungmenna	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna. Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.
Þjónusta við unglinga	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög skulu starfrækja þjónustu við unglinga og m.a. standa að forvarnastarfi í málefnum þeirra sem miðar að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir.
Æskulýðsmál	Æskulýðslög nr. 70/2007.	Sveitarstjórnir skulu setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við fjálst æskulýðsstarf skuli háttað og í samstarfi við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði.

Heilbrigðismál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almennar sóttvarnarráðstafanir	Sóttvarnalög nr. 19/1997.	Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gegna vissum skyldum skv. sóttarnarlögum þegar kemur að því að uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna.
Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana	Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.	Þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal vera 15% af stofnkostnaði og láta í té lóðir undir byggingar. Sveitarfélög láta í té lóðir undir slíkar byggingar, þ.m.t. íbúðarhúsnæði sem ætlað er starfsmönnum, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu.

Ýmsar aðrar skyldur

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
EES-reglur	Lög um evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.	Með lögunum var EES-samningurinn lögfestur en á grundvelli hans tekur Ísland þátt í hinu evrópska efnahagssvæði. Samningurinn leggur ýmsar skyldur á sveitarfélög, t.d. hvað varðar umhverfismál, fyrirtækjarekstur, innkaup, stafsmannamál o.fl.
Húsmæðraorlof	Lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972.	Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð til orlofsnefndar.
Innheimtustofnun sveitarfélaga	Lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1974.	Innheimtustofnun sveitarfélaga skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins. Hlutverk hennar er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra. Skal Innheimtustofnunin skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunarinnar.

Jafnréttismál	Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.	Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Lögin setja einnig viss skilyrði hvað varðar jafnan rétt kvenna og karla þegar skipað eða tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélaga.
Kirkjugarðar	Lög um kirkjugarða, greiftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.	Skylt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði. Þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum, þar á meðal með snjómokstri, ef því er að skipta. Enn fremur leggur sveitarfélagið til ókeypis hæfilegan ofaníbúð í götur og gangstíga kirkjugarðs ef þess er óskað og greiðir akstur hans.
Kirkjur	Lög um Kristnisjóð nr. 35/1970.	Sveitarfélögum er skylt að leggja til land undir kirkjur. Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi.
Nýting þjóðlendna	Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlenda og afrétta nr. 58/1998.	Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni þarf hins vegar leyfi ráðherra.
Samráð við félög í frístundabyggð	Lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008.	Sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjóri skal halda fund um sameiginleg hagsmunamál frístundabyggða og sveitarfélagsins sé þess óskað af a.m.k. helmingi félaga í frístundabyggð.
Umsögn um rekstrarleyfi	Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.	Sveitarstjórn gefur umsögn um hvort starfsemi umsækjanda rekstrarleyfis sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála, hvort að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu o.fl.
Útgáfa áfengissöluleyfa	Áfengislög nr. 75/1998.	Sveitarstjórn veitir leyfi fyrir rekstri áfengisútsölu í sveitarfélaginu.

Stjórnsýsla sveitarfélaga

Máliðni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Álagning og innheimta opinberra gjalda	Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.	Sveitarfélög hafa að meginstefnu þrjá tekjustofna: 1. Útsvar er tekjuskattur sem bætist við hinn almenna tekjuskatt sem greiðist til ríkisins.

		Útsvarið greiðist til þess sveitarfélags sem einstaklingar eru skráðir til lögheimilis þann 31. desember á tekjuárinu. Sveitarstjórn ákveður útsvarshlutfallið innan ákveðinna marka. 2. Fasteignaskattur er eignaskattur sem er árlega lagður á flestar fasteignir í landinu. Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og skal hún fara fram í fasteignaskrá. 3. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlög til sveitarfélaga. Hlutverk hans er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga.
Skráning og meðferð persónuupplýsinga	Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.	Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda m.a. um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga hjá sveitarfélögum.
Starfsmannamál, kjarasamningar	Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.	Sveitarstjórnir fara með fyrirvar sveitarfélags síns að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi og geta einnig haft með sér samvinnu um samningsgerð.
Sveitarstjórnir – verkefni og skyldur	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Í sveitarstjórnarlögum eru almenn ákvæði um verkefni, skyldur og stjórnskipulag sveitarfélaga, sjálfstjórn og mörk þeirra, fjármálastjórn, samvinnu og samráð við íbúa.
Upplýsingagjöf	Upplýsingalög nr. 140/2012.	Ákvæði laganna um aðgnag að upplýsingum taka til sveitarfélaga eins og annarra stjórnvalda.
Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa	Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.	Lögin leggja þær skyldur á sveitarfélög að gætt sé jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við innkaup á vörum, verkum og þjónustu.
Varðveisla skjala	Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.	Skylda til varðveislu skjala er hluti af lögbundnum skyldum stjórnsýslu sveitarfélaga.

Lögheimil verkefni

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almennar íbúðir	Lög um almennar íbúðir nr. 52/2016.	Sveitarfélögum er heimilt að veita stofnframlög til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða, fatlað fólk og fólk sem ekki er fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda.
Almenningssamgöngur	Lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi nr. 73/2001.	Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum, byggðasamlögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum á tilteknu svæði og á tilteknum leiðum.
Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sjá einnig lög um búfjárhald nr. 38/2013.	Sveitarfélög geta með ákveðnum takmörkunum sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert ítarlegri kröfur en þar koma fram, s.s. um bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds.
Bygging félagsheimila	Lög um félagsheimili nr. 107/1970.	Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til félagsheimila eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.
Hafnir	Hafnalög nr. 61/2003.	Hafnir geta verið í eigu sveitarfélaga og er þá í lögunum kveðið nánar á um rekstrarform þeirra.
Héraðsskjalasöfn	Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.	Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sveitarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl sveitarfélagsins.
Hitaveitur	Orkulög nr. 58/1967.	Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði.
Holræsamál (nýbygging og viðhald)	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sjá einnig lög um uppbyggingu og	Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram

	rekstur fráveitna nr. 9/2009.	koma í þeim, s.s. um meðferð úrgangs og skolps, enda falli þau undir lögin.
Leigubifreiðar	Lög um leigubifreiðar nr. 134/2001.	Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins.
Leiklistarmál	Leiklistarlög nr. 138/1998.	Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra.
Leyfi til tóbakssölu	Lög um tóbaksvarnir nr. 6/2002.	Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir tóbakssöluleyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda.
Lögreglusamþykktir	Lög um lögreglusamþykktir nr. 36/1988.	Í hverju sveitarfélagi má setja lögreglusamþykkt. Sveitarstjórn semur frumvarp til lögreglusamþykktar og sendir ráðuneytinu til staðfestingar. Frumvarpið skal byggt á reglugerð um lögreglusamþykktir með þeim breytingum sem sveitarstjórn telur þörf á vegna umdæmisins.
Náttúrustofur	Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992.	Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar.
Rafmagnsveitur (flutningur og dreifing rafmagns)	Raforkulög nr. 65/2003.	Fyrirtæki sem annast flutning raforku og kerfisstjórnun skal vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Fyrirtæki sem annast dreifingu raforku á tilteknu svæði skal vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.
Stöðureitir og stöðubrot	Umferðarlög nr. 50/1987.	Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjalddöku fyrir hana á landi í umráðum hennar, þ.m.t. á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Reglur um notkun stöðureita á landi í umráðum sveitarstjórnar þurfa samþykki lögreglustjóra. Reglur um notkun stöðureita á þjóðlendum skulu samþykktar af ráðherra er fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra getur ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjalds vegna

		ákveðinna umferðarlagabrota fari fram, að öllu leyti eða að hluta, á vegum sveitarfélags. Ef álagning fer fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.
Tónlistarskólar	Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.	Ef sveitarfélag vill koma á fót tónlistarskóla skal sveitarstjórn semja reglugerð um skólann sem ráðherra staðfestir. Skal þar m.a. kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna sem teljast skulu starfsmenn sveitarfélagsins. Sveitarfélög, sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað kennara og skólastjóra.